

Mál nr. 126/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Ágreiningur um réttarstöðu vegna vinnuslyss 12.05. 2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið 06.07. 2005, ásamt fylgiskjölum 1 – 10.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.07. 2005, ásamt afriti af bréfi félagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna, dags. 13.06. 2005, og bréf lögreglustjórans í Reykjavík til vátryggingartaka, dags. 15.02. 2005.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 478/2005.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega. M slasaðist við vinnu sína er hann var að skipta um renninga í færibandi á vinnuvél. Þegar hann var búinn að skipta um renningana setti hann vélina í gang til að sjá hvernig færibandið væri og hvort ekki væri allt í lagi með það sem hann var að gera. Þegar vélin var komin í gang sá hann að hann hafði gleymt verkfærum en í stað þess að slökkva á vélinni ákvað hann að teygja sig inn fyrir og sækja verkfærin. Við það skall trompla í hnakka hans þannig að meiðsl hlutust af.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. þá röksemdafærslu sem fram kemur í málskotinu. Hann telur að rekja megi slysið til skorts á tilsögn, leiðbeiningu og eftirliti. Vinnuvélin hafi ekki verið í fullkomnu lagi því öryggisrofi var ekki tengdur við vélina.

Vátryggingafélagið telur bótaábyrgð ekki fyrir hendi. Slysið megi rekja til óhappatilviks en ekki mistaka starfsmanna/verkstjóra, vanbúnaðar vélarinnar eða annarra atvika sem vátryggingataki beri skaðabótaábyrgð á. M hafi unnið hjá vátryggingataka í 4 ár. Hann var vélamaður og vann við þessa vél og þekkti hana mjög vel. Hann hafi ekki þurft fyrirmæli eða leiðbeiningar frá vinnuveitanda til að vinna sitt verk. Vinnuvélin hafi haft fulla skoðun Vinnueftirlits og engar athugasemdir hafi verið gerðar við hana fyrr en á slysdegi. Athugasemdir eftirlitsins sem þá hafi verið gerðar eigi ekki við það slys sem hér um ræðir. Félagið telur að M hafi tekið áhættu þegar hann ákvað að sækja verkfærin eftir að hafa sett vélina í gang.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Virðist fyrst og fremst mega rekja vinnuslysið til aðgæsluleysis M er hann teygði sig eftir verkfærum sem hann hafði skilið eftir við eða á vélinni. Framanritaðs er getið þrátt fyrir þær athugasemdir sem getið er í skýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 12.05. 2004.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 3. ágúst 2005
Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.